

Nd.

#### 144. Nefndarálit

við frumvarp til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Lotterí er til nálega í landi hverju, og á sjálfst landið annaðhvort lotteríð, eða landið selur einstaklingum einkarjett til lotterihalds gegn háu afgangi. Með öðru hvoru mótinu verður lotterí að vera, því ella næði landið ekki aðaltilgangi sínum með lotterihaldi eða lotterileyfi, þeim að afla sjer auðfenginna tekna.

Hjer á landi hefir lotterí aldrei verið til og verður tæplega til í fyrirsjáanlegri framtíð. Þjóðin er of fámenn og fátæk til að geta borið slíka stofnun ein, en ógjörningur að afla sjer hjeðan viðskiftavina í öðrum löndum. Fjarlægðin of mikil til þess. Viðskiftavinirnir vilja fá vitneskju um, hvort þeir hafi unnið samstundis og »dregið« er, en það geta þeir því að eins, að greiðar sjeu samgöngur við dráttstaðinn.

Nú gefst Íslandi hinsvegar kostur á að hafa það gagn af lotteríi, sem önnur lönd sækjast eftir, og losast þó jafnframt við það ógagn, sem talið er fylgja lotteríi fyrir littþroskaðan almenning. Gagnið þetta, að geta fengið álitlegar tekjur landssjóði til handa, án nokkurrar áhættu eða fyrirhafnar. Og skaðlaust eða skaðlítið fyrir almenning, með því að lotteríið má ekki hafa nema mjög svo lítil viðskifti við landsmenn, en viðskifti lotteris við seðlakaupendur lotterisins ávallt til mikils hagnaðar, en viðskiftavinum þess yfirleitt til óhagnaðar. Vinningarnir úr hverju lotteríi lægri en iðgjöldin, sem til þess renna.

Af því að lotterí eru annarsvegar mikil gróðalind, en hinsvegar til í flestum löndum, fá færri lotterileyfi en vilja, enda þess vegna leitað nú til löggjafarvalds Íslands.

Leyfisleitendurnir fara þó ekki fram á að lotterí verði stofnað hjer á landi, og ætla því heldur ekki á viðskifti Íslendinga að nokkru ráði. Þeir byggja þvert á móli nálega eingöngu upp á viðskifti við útlönd. En til þess að geta aflað sjer viðskiftavina erlendis, verða þeir að fá leyfi einhvers lands til lotterí-

haldsins og verða jafnframt að reka það þar, sem hægt er að ná til þess. Þeir fá ekki slíkt leyfi í löndum, sem lotterí eru til í, og hafa því leitað hingað, en þykjast hafa vissu fyrir að mega reka það í Kaupmannahöfn, fái þeir leyfi lög-gjafarvaldsins, konungs og alþingis, til lotterihaldsins. Þeir fara þannig í raun-inni að eins fram því, að mega kenna lotteriið við Ísland.

Lotteriið á þó að vera undirgefið stjórn landsins. Hún útnefnir stjórn-endur þess, setur því reglugerð og getur svipt leyfishafa leyfinu, standi lotteriið ekki að öllu leyti í skilum.

Auk nafnsins, sem landið á að leggja til, er að eins ætlast til þess, að utan-rikislotteríum verði ekki leyft að keppa hjer við lotteriið — í því einu er einka-rjetturinn fölginn — og svo til hins, að landið ábyrgist tryggingarsjóð lotterisins gegn vinnendum, en sú ábyrgð er að eins í orði kveðnu, því að sjóðurinn verður undir hendi ráðherra.

Lotteriið verður með líku fyrirkomulagi og danska ríkislotteriið og ný-lendulotteriið, en þau eru talin, einkum hið fyrnefnda, meðal hinna bestu lotteria.

Í notum þess, sem landið leggur til samkvæmt ofansögðu, fær það 4 % af öllum iðgjöldunum. Seldust allir seðlarnir, 50,000 talsins, fyrir 150 fr. hver, fengi landið 270,000 kr. gjald á missiri, eða 540,000 kr. á ári. Og hvað sem seðlasölunni líður, eru landinu trygðar um 100,000 kr. á missiri, eða um 200,000 kr. á ári. Sú lágmarksupphæð er landinu trygð, enda á lotteriið að setja landssjóði veð fyrir skilvísri greiðslu upphæðar þessarar. Auk þess á landið að fá helming þeirra vinninga, sem ekki verður gengið eftir.

Leyfishafarnir fullyrða, að landinu skuli verða sett trygging fyrir því, að leyfið verði notað, áður en landsstjórnarinnar verði leitað um útgáfu leyfisbrjefs-ins, enda á leyfið að verða ónýtt, verði það ekki notað innan 31. desbr. 1913.

Hjer að ofan er málavöxtum lýst svo sem þeir mundu verða með breyt-ingum þeim, sem nefndin ber fram á sjerstöku þingskjali. Og fær nefndin, eða meiri hluti hennar, 6 af 7, ekki sjeð betur en að sjálfgefið sje, að taka málinu vel, jafn brýn og fjárþörf landssjóðs nú er, og engin áhætta honum til handa á aðra hönd.

Þó vill nefndin láta þess getið, að valt væri að byggja á mjög miklum tekjum af lotteriinu til frambúðar, sem föstum tekjum á fjárlögunum, enda vel til fallið, að eitthvað af tekjunum væri látið ganga til fastra landsstofnana, svo sem til landsbankans og byggingarsjóðs.

Neðri deild Alþingis, 3. ágúst 1912.

Eggert Pálsson,  
formaður.

Lárus H. Bjarnason,  
skrifari og framsögum.

Valtýr Guðmundsson.

Jón Ólafsson.

Pjetur Jónsson.

Björn Kristjánsson.